

Siðareglur Samfylkingarinnar

Siðareglur Samfylkingarinnar lýsa grunngildum jafnaðarstefnunnar - frelsi, jafnrétti og samábyrgð - sem ráðherrum, þingmönnum, sveitarstjórnarfulltrúum og öðrum sem starfa í nafni Samfylkingarinnar ber að hafa í heiðri í störfum sínum. Siðareglum þessum er ætlað að auðvelda einstaklingum að rækja störf sín vel. Þær leysa fólk þó ekki undan þeirri ábyrgð að reiða sig á eigin samvisku í siðferðilegum efnum.

- Við komum fram af heilindum og háttvísi í störfum okkar og virðum umbjóðendur, samstarfsmenn og andstæðinga.
- Við gætum þess að afstaða okkar og ákvarðanir mótist ávallt af virðingu fyrir almannahagsmunum og að sem flestir hafi aðkomu að undirbúningi ákvarðana.
- Við höfum ávallt að leiðarljósi grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu og leggjum áherslu á gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku þar sem lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráða afstöðu okkar.
- Við öxlum ábyrgð á verkum okkar og eflum þannig traust á jafnaðarstefnunni og þeim sem vinna að framgangi hennar.
- Við tökumst á við ágreining og viðurkennum að hann er eðlilegur hluti af samskiptum þar sem frjáls skoðanaskipti fara fram.
- Við tryggjum að fjölbreytileiki samfélagsins endurspeglast í stefnu og starfsháttum Samfylkingarinnar. Allir þeir sem aðhyllast grunngildi jafnaðarstefnunnar eiga rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan flokksins og fá umræðu um þau.
- Við gætum þess að allar upplýsingar um hagsmuni og hagsmunatengsl liggja fyrir í hverju máli og sjáum til þess að þær komist til allra hlutaðeigandi aðila. Við látum vita ef siðferðileg álitamál koma upp.
- Við virðum þagnarskyldu en tökum ekki þátt í að leyna verkum og upplýsingum sem varða almannahagsmuni.

- Við vinnum gegn samtryggingu stjórnámálanna og greiðasemi vegna vináttu- og hagsmunatengsla. Við beitum okkur gegn spillingu.
- Við þiggjum ekki gjafir eða fríðindi frá hagsmunaaðilum.
- Við gagnrýnum af sanngirni og með málefnalegum rökum, sýnum tillitssemi og leggjum þannig okkar að mörkum til góðs og heilbrigðs starfsanda á stjórnálasviðinu.
- Við kynnum og skýrum stefnu Samfylkingarinnar í þeim málum sem eru til umræðu hverju sinni og styðjumst í málflutningi okkar við þá stefnumótun sem unnin hefur verið á vettvangi flokksins.
- Við berum sameiginlega ábyrgð á framgangi og framkvæmd jafnaðarstefnunnar á Íslandi, stöndum vörð um gildi hennar og eflum þannig traust á jafnaðarstefnunni og þeim sem vinna að framgangi hennar.
- Við stuðlum að jákvæðum flokksanda og forðumst að aðhafast nokkuð sem getur orðið okkur sjálfum, kjósendum okkar eða Samfylkingunni til vanvirðu og álitshnekkis.
- Við förum eftir lögum og reglum flokksins í störfum okkar fyrir Samfylkinguna.

Samþykkt af flokksstjórn Samfylkingarinnar 10. mars 2012